

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 272/2022

frá 23. september 2022

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 frá 11. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, skrána yfir vénekrur, fylgiskjöl og vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar, tilkynningar og birtingu tilkynntra upplýsinga og um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og viðurlög, um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008, (EB) nr. 606/2009 og (EB) nr. 607/2009 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/274 frá 11. desember 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar og tilkynningar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/561 ⁽²⁾.
- 3) Framseld reglugerð (ESB) 2018/273 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 436/2009 ⁽³⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í 7.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 60.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 128, 27.5.2009, bls. 15.

mgr. inngangsorða í bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

5) Bókun 47 við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. viðbæti við bókun 47 við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir 8. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013):

„8a. **32018 R 0273**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 frá 11. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, skrána yfir vénekrur, fylgiskjöl og vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar, tilkynningar og birtingu tilkynntra upplýsinga og um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og viðurlög, um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008, (EB) nr. 606/2009 og (EB) nr. 607/2009 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 (Stjtið. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 1).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Einungis eftirfarandi ákvæði reglugerðarinnar gilda:

c-liður 1. gr.,

2. gr.

8. og 9. gr.,

1. mgr. að undanskildum iii-lið a-liðar og b-lið, 2., 3. og 5. mgr. 10. gr. sbr. A-, B- og C-hluta V. viðauka,

11. gr., sbr. VI. viðauka, I. hluta,

14. gr., að undanskildum b-lið 1. mgr.,

16. til 19. gr., og

b-liður 1. mgr. og 2. mgr. 50. gr.

Ákvæðin skulu gilda með þeim aðlögunum sem leiða má af ákvæðum meginmáls samningsins, altækri aðlögun í inngangi að bókun 47 við samninginn og sértæka aðlögunartextanum í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn.

- b) Eftirfarandi kemur í stað annars málsliðar 2. mgr. 17. gr. og annars málsliðar þriðju undirgreinar 1. mgr. 18. gr.:

„Þær upplýsingar skulu framsendar í samræmi við 2. viðbæti við bókun 47 við samninginn.“.

- 8b. **32018 R 0274:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/274 frá 11. desember 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar og tilkynningar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/561 (Stjtið. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 60).

Ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Einungis eftirfarandi ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar gilda:

Ákvæði 12. gr. og 1. mgr. 35. gr.

Ákvæðin skulu gilda með þeim aðlögunum sem leiða má af ákvæðum meginmáls samningsins, altækri aðlögun í inngangi að bókun 47 við samninginn og sértæka aðlögunartextanum í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn.“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009) og 11.lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009):

„– **32018 R 0273:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 frá 11. desember 2017 (Stjtið. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 1).“

3. Texti 9. liðar (reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 436/2009) fellur brott.

2. gr.

Norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/274, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.